


J BYRJUN MÁNAÐAR



DESEMBER 2004



Fullhreinsistöð í Kipfenberg skoðuð.

Fráveita á Kjalarnesi — Evrópuferð

Jhaust fól Gatnamálastofa Reykjavíkurborgar Almennu verkfræðistofunni (AV) að hanna hreinsistöð á Kjalarnesi. Í framhaldi af því héldu þeir Ólafur Árnason fagstjóri Véla- og rafmagnssviðs á AV, Gunnar Hjartarson og Kristján Tómasson frá Gatnamálastofu til Þýskalands og Hollands og skoðuð þar hagkvæmar og skemmtilegar lausnir á hreinsun skólps í smærri byggðakjörnum. Til að mynda voru skoðaðar nokkrar verksmiðjuframleiddar hreinsistöðvar fyrir skólphreinsun. Ákveðið var að skoða hvað framleiðendur á slíkum búnaði hafa fram að færa. Heppnaðist ferðin vel og er hönnun komin í gang.

Umhverfisráðuneytið flutt

Umhverfisráðuneytið er nú flutt í Skuggasund 1 eftir vel heppnaðar endurbætur á því húsnæði.

AV sá um hönnun burðarvirkja, lagna og loftræsingar við endurbæturnar og voru það okkar menn Egill Viðarson á Byggingasviði og Þorlákur Jónsson á Véla- og rafmagnssviði sem báru hitann og þungann af þeirri vinnu. Litlu var breytt á 2., 3. og 4. hæð en 1. og 5. hæð voru endurinnréttaðar. Gerðar voru lagfæringar utanhúss og byggt nýtt anddyri við Skuggasund.

Framkvæmdir á 4. hæð

Jframhaldi af mjög vel heppnaðri andlitslyftingu á anddyri og stigagöngum höfuðstöðva AV í Fellsmúla 26 síðasta vetur, verður 4. hæð fyrirtækisins tekin í gegn eftir áramót. Sem fyrr er það Benjamín Magnússon, arkitekt, sem hefur hannað breytingarnar en þær fela í sér m.a. bættu móttöku og fundar-

aðstöðu og bættu starfsmanna- aðstöðu s.s. stækkun á kaffistofu. Þá verður kvennaklósettið stækkað en hlutfall kvenna sem starfsmanna í fyrirtækinu fer ört vaxandi. Verkið verður unnið í tveimur áföngum en byrjað verður á vesturendanum. Framkvæmdir hefjast um miðjan janúar og stefnt er á að þeim verði lokið fyrir páska.

Barnalán á AV

Mikil frjósemi er á AV þessa dag- mana en starfsmönnum hafa fæðst fjögur börn á árinu. Það var Jóhann Örn Friðsteinsson sem reið á vaðið í júlí með stúlku en Ársæll Aðalsteinsson fylgdi í kjölfarið með strák. Í ágúst fæddist Steinari Ríkarðssyni stúlka, og í nú í nóvember fæddi Unnur Helga Kristjánsdóttir stúlku.

Við viljum nota tækifærið og óska þessum starfsmönnum og mökum þeirra hjartanlega til hamingju með nýju fjölskyldumeðlimina.

Hvítvín með hangikjötinu þessi jólin?



Vetri var fagnað um daginn á AV og af því tilefni bauð starfsmannafélagið upp á hvítvínsmökkun undir leiðsögn Einars Thoroddsen háls- nef- og eyrnalæknis. Einar fór auðvitað á kostum sem endra nær. Bragðað var á 5 hvítvínstegundum og spönnuðu lyktarlýsingarnar allt frá grænum eplum til kattarhlands. Fannst mörgum það einnig athyglisvert að gott hvítvín hentar jafnvel betur með hangikjötinu en rauðvín. Svo er það auðvitað álitamál hvort það séu ekki helgisþjöll að drekka annað en Malt og Appelsín blöndu með jólahangikjötinu.



Sundlaugin á Neskaupstað.

Sundlaug í Neskaupstað

Hönnun endurbóta á sundlauginni í Neskaupsstað er komin á fullt skrið. Endurbæturnar felast í nýju sundlaugarhúsi, heitum potti, vaðlaug og rennibraut við núverandi 25m sundlaug staðarins. AV mun sjá um hönnun burðarvirkja, lagna- og loftræsikerfa en það eru Njörður,

Ársæll, Ásgeir og Ólafur sem bera hitann og þungann af þeirri hönnun.

Verkefnisstjórn er í höndum AVA í Fjarðabyggð sem er dótturfyrirtæki AV, Hnits og Arkþings. Kollgáta á Akureyri annast arkitektahönnun og RTS hönnun raflagna. Það stendur til að bjóða verkið út í janúar en áætluð verklok eru í júní 2006.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár



Almenna verkfræðistofan hf.

Fellsmúla 26 • 108 Reykjavík • Sími: 580 8100 • Fax: 580 8101 • av@almenna.is • www.almenna.is

Ábyrgðarmaður: Hörður Gauti Gunnarsson